

Fyrirspurn

**til mennta- og barnamálaráðherra um eftirlit með menntun,
aðbúnaði og réttindum barna í skólum.**

Frá Steinunni Þóru Árnadóttur.

1. Fylgist ráðuneytið með því að menntun, aðbúnaður og réttindi barna séu ávallt í fyrirrúmi í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum? Ef svo er, hvernig er eftirlitinu háttað?
2. Hvernig hefur ráðuneytið brugðist við þegar ætla hefur mátt að aðbúnaði í skólum hafi verið ábótavant?
3. Hefur ráðuneytið gripið til ráðstafana til að tryggja að skólahúsnæði barna sé heilsusamlegt, til að mynda laust við myglu, og að brunavarnir séu fullnægjandi?